

Fimmtudaginn 11. nóvember 1971.

Nr. 127/1971. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn

Inga Þóri Gunnarssyni

(Logi Guðbrandsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Hermann G. Jónsson, fulltrúi bæjarfógetans á Akranesi, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Með sátt í sakadómi Akraness hinn 17. marz 1967 var ákærða gerð refsing og hann sviptur ökuleyfi 6 mánuði frá 21. febrúar 1967 fyrir brot á umferðarlögum og áfengislögum. Samkvæmt fæðingarvottorði ákærða, sem lagt hefur verið fram í Hæstarétti, er hann fæddur 26. júní 1949 og var því eigi orðinn 18 ára, er hann framdi brot þetta 28. janúar 1967. Greint brot hefur því ekki ítrekunarverkun á réttilega heimfært brot ákærða undir 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sem um er fjallað í þessu máli, sbr. 1. mgr. 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin í héraðsdómi. Samkvæmt 81. gr. umferðarlaga ber að svipta ákærða ökuleyfi, og þykir ökuleyfissviptingin hæfilega ákveðin 1 ár.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað ber að staðfesta.

Ákærða ber að dæma til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 8.000.00. Af hálfu ákærvaldsins hefur verið fallið frá kröfu á hendur ákærða um greiðslu saksóknarlauna. Annan áfrýjunarkostnað sakarinnar ber að dæma ákærða til að greiða.

Dómsorð:

Ákærði, Ingi Þórir Gunnarsson, sæti varðhaldi 10 daga.
Hann er sviptur ökuleyfi 1 ár.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað er staðfest.

Ákærði greiði kostnað af áfrýjun málsins, annan en saksóknarlaun.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Loga Guðbrandssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Akraness 7. júní 1971.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er höfðað með ákæru saksóknara ríkisins, dags. 18. júní 1970, gegn Inga Þóri Gunnarssyni iðnnema, Vesturgötu 111, Akranesi, fyrir að gangsetja og reyna að aka undir áhrifum áfengis mánudagsnóttina 12. janúar 1970 bifreiðinni E 889, þar sem hún stóð á Gullteig í Reykjavík.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til öku-leyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur á Ísafirði 26. júní 1949, og er sakavottorð hans þannig:

1967 17/3 á Akranesi: Sátt, 2.000 kr. sekt fyrir brot á 2. mgr. 25. gr., 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr., 41. gr. og 49. gr., 1., 2. og 3. mgr., b og e lið, umferðarlaga. Sviptur ökuleyfi og leyfi til að öðlast ökuskírteini í 6 mánuði frá 21. febrúar 1967.

1967 á Akranesi: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á g lið 5. gr. og 1. mgr. 26. gr. umferðarlaga.

1967 2/11 á Akranesi: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

Málavextir eru þessir:

Aðfaranótt mánudagsins 12. janúar 1970, um kl. 0145, tilkynnti Rögnvaldur Bjarnason, lögregluþjónn í Vestmannaeyjum, tveimur lögreglumönnum í Reykjavík, sem staddir voru í Nóatúni í Reykjavík, að skammt frá veitingahúsinu Röðli væri bifreiðin E 889 og væri ökumaður hennar sennilega ölvaður. Lögreglumennirnir fóru á staðinn, en þá var bifreiðin horfin, og var þá hafin leit að henni. Um kl. 0340 um nóttina tilkynnti Sigfús Kristján Páls-

son leigubílstjóri, að bifreiðin E 889 stæði framan við hús nr. 18 við Gullteig og hefði hann verið að hindra ökumann í að aka af stað. Fóru lögreglumenn á staðinn, og var þá ökumaður bifreiðarinnar E 889 farinn af staðnum, en piltur, sem var áberandi ölvaður, sat í framsæti við hliðina á ökumannssæti. Eftir nokkra leit fannst ökumaður og eigandi bifreiðarinnar E 889 í Hrístateigi, og var það ákærði í máli þessu. Var hann færður á lögreglustöðina til yfirheyrslu og síðan á slysavarðstofuna til blóðtöku vegna alkóhólrannsóknar.

Ákærði hefur skýrt frá því fyrir dómi, að hann hafi ekið frá Akranesi til Reykjavíkur sunnudagskvöldið 11. janúar 1970 í bíl sínum, E 889, og voru með honum í bifreiðinni Hjörtur Júlíusson og Valur Bjartmar Sigurðsson frá Akranesi. Þeir tveir síðarnefndu neyttu áfengis á leiðinni. Bifreiðinni var lagt í Skipholti, en síðan fóru þeir allir inn á veitingahúsið Röðul og dvöldust þar, unz dansleik lauk. Ákærði hefur neitað því að hafa neytt áfengis á Röðli og segist hafa eftir dansleikinn ekið bifreið sinni í Gullteig, en þangað hafi þeim félögum verið boðið af fólki, er þeir kynntust á veitingahúsinu. Í húsi í Gullteigi kvaðst ákærði hafa neytt áfengis og orðið ölvaður. Eftir að samkvæmi lauk þar, fór Hjörtur og fleira fólk á brott í leigubifreið, en ákærði og Bjartmar fóru út í bifreið ákærða, E 889, og settist ákærði undir stýri bifreiðarinnar og setti vél hennar í gang og kveikti á miðstöðinni, en Valur sofnaði strax í framsætinu. Ákærði kvaðst ekki hafa ætlað að aka bifreiðinni, en gangsett vélina til að fá hita frá miðstöðinni. Kvaðst hann þá hafa verið ölvaður. Kom þar þá að leigubifreiðarstjóri og stöðvaði bifreið sína fyrir framan bifreiðina E 889, og átti hann tal við ákærða og sagði, að hann mætti ekki aka bifreiðinni. Ákærði kvaðst síðan hafa slökkt á vél bifreiðarinnar og farið að ganga um göturnar, en nokkru síðar hafi lögreglan komið og handtekið hann.

Vitnið Rögnvaldur Bjarnason lögreglumaður hefur fyrir dómi staðfest, að hann hafi eftir dansleikinn á Röðli séð ölvaðan mann við bifreiðina E 889, þar sem hún var á bílastæði við Skipholt. Átti vitnið tal við manninn, sagðist hafa nefnt við hann, að hann æki ekki bifreiðinni, og tók hann því vel og settist í aftursæti bifreiðarinnar. Fór vitnið síðan á brott og átti tal við lögreglumenn, er voru í starfi, er fyrr frá greinir.

Vitnið Sigfús Kristján Pálsson leigubifreiðarstjóri, Hraunteigi 18, kvaðst hafa séð tvo ölvaða menn fara inn í bifreiðina E 889 í Gullteigi umrædda nótt. Sá, sem var minna ölvaður, settist undir

stýri og ræsti vél bifreiðarinnar og var með tilburði til þess að aka af stað, og sagðist vitnið þá hafa ekið fram fyrir E 889 og farið og tekið þá tali. Kom þá upp, að þeir mundu hætta við að aka af stað og fá í staðinn að dveljast í næsta húsi. Sá vitnið þá fara upp tröppur þar, er það ók á brott, en er vitnið sá, að þeir héldu aftur að bifreiðinni, fór vitnið þangað líka. Gekk þá sá, er var minna drukkinn, af stað eftir götunni, en hinn settist inn í bifreiðina. Sagðist þá vitnið hafa kallað upp í talstöð bifreiðarinnar og beðið um aðstoð lögreglu, sem hafi komið mjög fljótt.

Félagar ákærða, Hjörtur Júlíusson og Valur Bjartmar Sigurðsson, hafa gefið skýrslu fyrir dómi um atvik næturlinnar. Þeir voru mjög ölvaðir og segjast ekki hafa séð ákærða neyta áfengis í veitingahúsinu Röðli og ekki geta borið um það, hvort hann var undir áhrifum áfengis, er hann ók bifreiðinni í Gullteig.

Samkvæmt vottorði Rannsóknarstofu próf. Jóns Steffensens fundust í blóðsýnishorni, teknu úr ákærða, reducerandi efni, er samsvara 1.47% af alkóhóli.

Ákærði hafði ökuskírteini, útgefið 15. júlí 1969 til 10 ára.

Með játningu ákærða, niðurstöðu blóðrannsóknar og vitnaframburði er sannað, að hann var undir áhrifum áfengis, er hann gangsetti vél bifreiðarinnar E 889 í umrætt sinn og reyndi að aka henni. Þar sem gangsetning bifreiðar verður að teljast þáttur í akstri hennar, hefur ákærði með þessu gerzt brotlegur við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Þykir refsing ákærða samkvæmt 80. gr. umferðarlaga og 45. gr. áfengislaga hæfilega ákveðin varðhald í 10 daga. Þá ber samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga að svipta ákærða ökuleyfi ævilangt frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt þessari niðurstöðu verður ákærði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Ingi Þórir Gunnarsson, sæti varðhaldi í 10 daga.

Ákærði er sviptur ökuleyfi ævilangt frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.